

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 22. nóvember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-25/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 28. mars 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sjónvarpi ásamt viðbótartryggingu af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi beinir kröfum sínum einnig að Z. Álitsbeiðandi krefst þess að gert verði við sjónvarpið vegna galla.

### **II**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa sent sjónvarp sitt af gerðinni Samsung í viðgerð á vegum seljanda vegna þess að sjónvarpið slökkti reglulega á sér án viðvörunar. Tækið var flutt í viðgerð af aðila sem sótti það til álitsbeiðanda. Í viðgerðinni fannst ekkert að tækinu en álitsbeiðandi segir að sjónvarpið hafi hins vegar orðið fyrir skemmdum þegar það var flutt í viðgerð. Seljandi hafi þó ekki fallist á að gera við skemmdirnar. Álitsbeiðandi segir að sjónvarpið hafi haldið áfram að slökkva á sér eftir að hún fékk það til baka og því fór hún sjálf með það í viðgerð á ný. Tveimur dögum síðar var henni tilkynnt að lampi væri brotinn í sjónvarpinu sem hún segir ekki hafa verið brotinn þegar hún fór með tækið, en seljandi hafi sagt að þetta væri á hennar ábyrgð. Þá var henni tilkynnt að aukatryggingin sem hún festi kaup á nái ekki yfir slíkar skemmdir og að ekki sé unnt að athuga með bilun í sjónvarpinu vegna íkveikjuhættu þar sem lampinn sé brotinn. Álitsbeiðandi segir að einblínt sé á skemmdirnar en ekki bilunina sem varð þess valdandi að hún fór með sjónvarpið í viðgerð í upphafi.

Hinn 17. október 2018 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem frekari upplýsinga var krafist innan tveggja vikna. Óskað var eftir því að kröfur álitsbeiðanda í málinu væru gerðar skýrari og einnig yrði skýrt betur hverjum hún beini kröfum sínum gegn. Þá var álitsbeiðanda bent á að kæruneftndin leysi ekki úr málum er varðar ágreining um váttryggingar heldur taki sérstök Úrskurðarneftnd í váttryggingarmálum á slíkum ágreiningi.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að

nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kærunefndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

## II

### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson